

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

5. fundur, föstudaginn 11. janúar 2008, klukkan 9.00
í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15.

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Elín R. Líndal, Eydís Aðalbjörnsdóttir, Freysteinn Sigurðsson, Guðni A. Jóhannesson, Hjörleifur B. Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorsteinn Tómasson og Þóra Ellen Þórhallsdóttir.

Ellý Katrín Guðmundsdóttir boðaði forföll.

Starfsmenn verkefnisstjórnar: Hreinn Hrafnkelsson og Ingibjörg Halldórsdóttir.

Inngangur

Formaður bauð fundarmenn velkomna. Hún skýrði frá því að Þorkell Helgason hefði látið af störfum í verkefnisstjórninni að eigin ósk og Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri hefði verið skipaður í hans stað samkvæmt tilnefningu Orkustofnunar.

1. Aðferðafræði við mat.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir fjallaði um mat á náttúruverðmætum og röðun virkjanakosta. Hún sagði að meðaleinkunnir hefðu almennt ekki verið háar, um eða undir 5 (af 10). Mest verðmæti væru talin vera í landslagi, en minnst í tegundum lífvera.

Hún benti á að svæði gætu fengið miðlungsháa einkunn á tvennan hátt:

- 1) Ef um væri að ræða mjög mikil verðmæti í sumum viðföngum en lítil í öðrum, eða
- 2) með því að fá miðlungsháa einkunn í öllum viðföngum

Hálendið norðan Hofsjökuls og Markarfljót hefðu t.d. verið með svipaða einkunn fyrir heildarverðmæti, en það byggðist á ólíkum þáttum: Markarfljót hefði haft mjög mikil verðmæti í landslagi og víðernum en lítil í lífríki, meðan hálendið norðan Hofsjökuls hefði haft áþekkt verðmæti í öllum flokkum.

Þóra sagði að það væru almennt ekki samskonar verðmæti á vatnsaflsvirkjanasvæðum og á háhitasvæðum. Þannig væru háar einkunnir fyrir menningarminjar á vatnsaflssvæðum en litlar á jarðhitasvæðum. Auk þess væru meiri verðmæti í vistkerfum og tegundum á vatnsaflssvæðum.

Virkjunarframkvæmdir hafa að jafnaði mest áhrif á landslag en ekki er tölfræðilega marktækur munur á milli áhrifa á önnur viðföng. Heildarverðmæti náttúru- og menningarminja voru meiri á virkjunarsvæðum vatnsafls ($x = 5,3$) en jarðvarma ($x = 4,1$). Hjá $>40\%$ virkjanakosta í vatnsaflri voru umhverfisáhrif metin á tölugildi >4 en aðeins hjá 10% virkjanakosta í jarðvarma. Orkuvinnsla hefur almennt mest áhrif á landslag og víðerni, einkum á háhitasvæðum. Lítil fylgni er milli stærðar vatnsaflsvirkjunar (orkugetu) og umhverfisáhrifa, þ.e. aðeins marktæk fyrir áhrif á jarðminjar og vatnafar. Ástæðan gæti verið að aðallega er verið að meta það sem fer undir miðlunarlón, en takmarkaðar upplýsingar um áhrif virkjana neðan stíflu og ekki reiknað inn í nema að litlu leyti.

Almennt var nán fylgni milli AHP raðgildis og einkunnar fyrir áhrif virkjunar. Háuhverum, Reykjadal, Markarfljóti og Þjórsárverum var raðað heldur hærra í endanlegri röðun, en Skatastaðavirkjun heldur lægra.

Í umræðum kom m.a. fram að ekki væri tekið tillit til afturkræfni áhrifa og það hefðu verið meginskilaboð faghóps 1 til verkefnisstjórnar að skoða þyrfti það atriði betur.

Glærur frá kynningu Þóru Ellenar fylgja með fundargerðinni.

2. Verkefni framundan og fjárhagsáætlun ársins 2008.

Formaður sagði að það væru tvö mál sem þyrfti að leggja sérstaka áherslu á, annars vegar mat á landslagi háhitasvæða og hins vegar sjálfbæra nýtingu jarðhita, en á síðasta fundi var formanni falið að vinna þessi mál áfram.

Sjálfbær nýting jarðhita

Formaður skýrði frá því að háhitahópurinn myndi halda áfram störfum með sín verkefni, en talið hefði verið heppilegt að stofna sérstakan hóp um sjálfbærni. Formaður sagði að þegar farið hefði verið að huga nánar að því verkefni hefði komið í ljós að Orkustofnun hefði tekið að sér að veita forystu fjölþjóðlegu samstarfi um þetta efni og væri að undirbúa myndun hóps um sjálfbærni sem skipaður yrði sérfræðingum frá Orkustofnun, ISOR og orkufyrirtækjum.

Formaður lagði til að verkefnisstjórnin ætti aðild að vinnuhópi Orkustofnunar og óskaði eftir sjónarmiðum fundarmanna um það.

Fundarmenn tóku almennt vel í tillöguna, en bentu á að mikilvægt væru að sjálfbærnihópurinn yrði skipaður sérfræðingum á þessu sviði en ekki fulltrúum hagsmunahópa. Einnig þyrfti að skoða samsetningu hópsins og tryggja að þar yrðu sérfræðingar á öllum viðeigandi sviðum. Þá þyrfti að vera tryggt að verkefnisstjórnin gæti haft áhrif á efnistöð hópsins og að hópurinn ynni verkefni fyrir verkefnisstjórnina innan þess tímaramma sem verkefnisstjórnin hefði, en í því sambandi var bent á að í skipunarbréfi hópsins væri hægt að afmarka þau verkefni sem hópurinn myndi vinna fyrir verkefnisstjórnina og hvenær þeim ætti að vera lokið.

Samþykkt var að fela formanni og Stefáni Arnórssyni að vinna málið áfram með Orkustofnun. Tillaga um samsetningu og verkefni sjálfbærnihópsins yrði síðan lögð fyrir verkefnisstjórnina.

Mat á landslagi háhitasvæða

Á síðasta fundi voru lögð fram drög að rannsóknar- og kostnaðaráætlun vegna rannsóknar á landslagi á háhitasvæðum sem Þorvarður Árnason hafði unnið að beiðni formanns. Formaður skýrði frá því að ekki hefði gefist tími til að vinna meira í því, en líklega væri heppilegast að fela landslagshópnum það verkefni. Samþykkt var að fela formanni að vinna málið áfram og halda verkefnisstjórninni upplýstri um framgang málsins.

Fjárhagsáætlun

Formaður greindi frá því að ekki hefði tekist að ljúka við endurskoðun fjárhagsáætlunarinnar fyrir fundinn og henni yrði því ekki dreift á þessum fundi. Fjárhagsáætlunin yrði hins vegar send til verkefnisstjórnar með tölvupósti um leið og hún yrði tilbúin.

Lénamál

Formaður sagði að búið væri að fá lénin www.rammaaetlun.is og www.rammaaetlun.is og því væri hægt að fara setja inn efni þar. Verkefnisstjórnin þyrfti hins vegar að ákveða hvaða efni hún vildi hafa á þessum vefsíðum.

3. Önnur mál

Kort og myndir af háhitasvæðum

Magnús Ólafsson frá ISOR mætti á fundinn og sýndi nokkur dæmi um þá kortagrunna fyrir háhitasvæði sem til eru hjá ISOR. Hann sagði að samræmdur kortagrunnur væri til fyrir þau háhitasvæði sem væru til umfjöllunar í 2. áfanga rammaáætlunar. Svæðin hefðu verið 20 í upphafi en hefði fækkað um eitt þar sem Prestahnúkur hefði dottið út. Magnús sagði að gert hefði

verið eitt heildarkort yfir öll svæðin, en til viðbótar við það væru fjórir flokkar korta: Grunnkort (hæðarlínur, vegir, vötn, o.s.frv.), myndkort, jarðfræðikort og jarðhitakort. Jarðhitakortið sýndi m.a. núverandi og möguleg vinnsluvæði, sem og útmörk háhitasvæðanna eins og þau væru skilgreind út frá viðnámsmælingum.

Magnús benti á að Orkustofnun ætti sum kortin, en önnur væru háð leyfum. Fulltrúar í verkefnisstjórninni gætu fengið kortin útprentuð, en stafræn kort væru flest háð leyfum og þyrfti að skoða betur mögulegan aðgang að þeim. Kort og ljósmyndir af svæðunum má nálgast á háhitavef Orkustofnunar, sem er á vefslóðinni: <http://www.os.is/jardhiti/index.htm>

Formaður þakkaði Magnúsi fyrir kynninguna og sagði að verkefnisstjórnin þyrfti að ræða hvað af þessum gögnum hún hefði áhuga á að fá frá ISOR.

Um sjálfbærni háhitasvæða

Formaður dreifði punktum frá Stefáni Arnórssyni um sjálfbærni háhitasvæða.

Verndargildi fornleifa á háhitasvæðum

Formaður dreifði rannsóknaráætlun um verndargildi fornleifa á háhitasvæðum sem Kristín Huld Sigurðardóttir og Agnes Stefánsdóttir unnu. Kristín Huld benti á að kostnaðaráætlunin gæti hugsanlega lækkað eitthvað ef viðeigandi gögn væru til hjá Orkustofnun.

4. Næsti fundur

Næsti fundur verður í Þjóðmenningarhúsi föstudaginn 22. febrúar, kl. 9.00.

Fundi slitið kl. 11.10.